

Reglugjörð

91
3. sept.

um forðagæzlu í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, eftir tillögum hreppsnefndar. Skulu þeir hafa gát á heybirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa, og meðferð þeirra á búpeningi.

2. gr.

Sju forðagæslumenn fleiri en einn í hreppi, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæzlu umdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

3. gr.

Forðagæslumenn skulu kosnir samkvæmt fyrirmælum í 2. gr. laga um forðagæzlu 10. nóvember 1913.

4. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili í hans umdæmi. Fyrri skoðun skal fara fram á tímabilinu frá 15. til 31. okt., og síðari skoðun á tímabilinu frá 1. til 20. mars.

5. gr.

Skepnuhöld að vorinu skulu forðagæslumenn kynna sjer í maimánuði í fjárrjettum eða á annan hagkvæman hátt og um fardagaleytið skulu þeir kynna sjer heyfyrningar. Þó er eigi skylt að þeir geri sjer ferðir til þessa, heldur afi sjer upplýsinga á þann hátt, sem best hentar, eftir umsögn kunnugra manna og bænda sjálfra.

6. gr.

Í fyrri skoðuninni skulu forðagæslumenn afla sjer nákvæmrar vitneskju um heymagn og aðrar fóðurbirgðir. Jafnframt því skulu þeir fá skýrslu um tölu gripa þeirra, sem á heyin verða sett, og gæta þess að þeim sje ætlað nægilegt húsrúm; og skulu þeir að öllu þessu athuguðu láta uppi álit sitt um það við bónda, hvort skynsamlega er sett á, og gefa bendingar er þurfa þykir.

91

3. sept.

7. gr.

Í seinni skoðuninni skulu forðagæslumenn rannsaka allar fódurbirgðir á heimili hverju og ástand búpenings. Ef fódurbirgðir álitast ekki nægar eða skepnur í slæmu standi, skulu forðagæslumenn gefa holl ráð, svo sem með því að gefa leiðbeiningar um bætta hirðingu.

8. gr.

Forðagæslumenn skulu gera skýrslu um hverja skoðun, og færa inn í hinar löggiltu bækur sínar. Skal við hverja skoðun skrá fódurbirgðir, tölu og ástand búpenings, og annað er í ljós kemur við skoðun. Aðalskýrslu skulu þeir semja eftir bókunum upp úr fardögum, er sendist sýslumanni.

9. gr.

Alt, sem í forðagæslubók hefir verið skráð yfir árið, skulu forðagæslumenn lesa upp á vorhreppaskilum.

10. gr.

Að því leyti sem reglugjörð þessi eigi ákveður, skulu forðagæslumenn fara eftir því, sem lög um forðagæslu frá 10. maí 1913 fyrirskipa.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913 og birt til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugjörð 22. október 1914 er úr gildi feld.

Í stjórnarráði Íslands, 3. september 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.